



Akureyrarbær

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Akureyri, 14. maí 2020
2020050208 / 01-615

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009, með síðari breytingum (átak í fráveitumálum), 776. mál

Bæjarráð Akureyrarbæjar hefur á fundi sínum þann 14. maí 2020 gert eftirfarandi bókun:

Lagt fram til kynningar erindi dagsett 13. maí 2020 frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009, með síðari breytingum (átak í fráveitumálum), 776. mál 2020.

Bæjarráð Akureyrarbæjar fagnar frumvarpinu og vekur athygli á því að Akureyrarbær hefur þegar hafið umfangsmiklar fráveituframkvæmdir. Bæjarráð hvetur til þess að tryggt verði að styrkir vegna fráveituframkvæmda nái einnig til þeirra sveitarfélaga sem þegar hafa hafið kostnaðarsamar framkvæmdir á undanförunum árum en ekki eingöngu til þeirra sveitarfélaga sem dregið hafa að fara í slíkar framkvæmdir.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd bæjarstjóra



Elva Björk Einarsdóttir
sérfræðingur á skjalasafni